



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Ægisborg

### Starfsáætlun 2019 – 2020



*Sjálfsmyndir af Öldudeild*

### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2	Innra mat .....	5
2.1	Innra mat Kots .....	6
2.2	Innra mat Fjörudeildar .....	9
2.3	Innra mat Bárudeildar .....	14
2.4	Innra mat Öldudeildar .....	16
2.5	Innra mat sérkennsludeildar .....	22
2.6	Innra mat á skipulagsdegi 18. mars .....	25
2.7	Aðrar áherslur veturinn 2019-2020 .....	27
3	Ytra mat .....	29
3.1	Starfsmannakönnun .....	29
3.2	Foreldrakönnun .....	30
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	32
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	33
6	Foreldrasamvinna .....	35
7	Skipulags dagar og leikskóladagatal .....	36
8	Fylgigögn .....	37
8.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning .....	37
8.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ....	38



*Elstu börnin í útskriftarferð, en þau fengu að hoppa á bak í heimsókninni í hesthúsið.*





## Leiðarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er menntandi umhyggja höfð að leiðarljósi og þess kappkostað að leikur, gleði og virðing einkenni skólabraginn.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar horft er til baka yfir liðið starfsár rísa hæst minningar tengdar börnunum. Velliðan þeirra og framfarir eru það sem starfið snýst um og sameinar starfshópinn. Að fá að taka þátt í lífi og starfi barnanna er það sem gefur starfinu gildi. Það eru forréttindi að vinna með börnum og fá að upplifa heiminn með þeirra augum. Börnin í Ægisborg hafa svo oft sýnt og sannað



*Kolbeinn ungi heillaði börnin í Kotinu.*

að þau eru fjölhæf og skapandi, um það vitna allar sögurnar sem þau hafa samið í vetur en sérstaklega var unnið með sögugerð á öllum deildum. Hvort sem þau eru tveggja eða fimm ára eru sögurnar skemmtilegar og lifandi vitnisburður um líf þeirra og áhugasvið.

Starfsárið 2018-2019 hófst með hefðbundnum hætti. Langan tíma tók að ráða allt starfsfólk þannig að síðustu börnin voru að aðlagast fram í október. Lengst var auglýst staða deildarstjóra á Öldudeild. Það má segja að auglýsingar og vinna úr þeim hafi verið mjög fyrirferðarmikil verkefni stjórnenda Ægisborgar síðasta ár. Ótrúleg vinna liggur á bak við hverja ráðningu og mikill fjöldi sækir um án reynslu eða nokkurrar íslenskukunnáttu. Einnig er töluverður hópur sem sækir um án þess að hafa sérstakan áhuga á að starfa í leikskóla. Þessu fylgir yfirlega og hefur það mikil áhrif á starfið og líðan þegar óvissa er um mönnun.

Heilbrigði og vellíðan á starfsstað skiptir miklu máli og það er ekkert leyndarmál að aðstaða í Ægisborg gæti verið betri. Niðurstöður starfsmannakönnunar og foreldrakönnunar sýna að fólk er



meðvitað um stöðuna. Barnahóparnir eru stórir á hverri deild og sem dæmi má nefna að Ægisborgarar geta hvergi komið saman innan húss allir í einu, engin aðstaða er fyrir aðstoðarleikskólastjóra, börn geta illa fundið sér næði, kaffistofan er sprungin, hvergi er gert ráð fyrir matarvögnum og engin fundaraðstaða er til staðar. Ægisborgin er barn síns tíma, eldri deildirnar hýstu upphaflega leikskólabörn sem dvöldu 4-5 stundir í leikskólanum og einungis var eldað fyrir börn



*Látum draumana rætast  
– Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.*

á einni deild (Fjörudeild sem var eina heils dags deildin). Sanngjarnt er að nefna að undanfarin 2 ár hefur verið gefið í varðandi viðhald. Búið er að mála bæði innan og utan húss og betur hefur gengið að sinna viðhaldi. Mér finnst þó mjög aðkallandi að starfsaðstæður í Ægisborg séu skoðaðar í heild í takt við núverandi starfshætti leikskóla og út frá markmiðum nýrrar menntastefnu.

*Látum draumana rætast* er heiti nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Það er ánægjulegt að Reykjavíkurborg hefur metnað til að bæta líðan og nám barnanna í borginni og leggur til þess bæði fræðslu og fjármagn. Ægisborgarar völdu að byrja á vinnu með sjálfseflingu og munum við vinna að hluta til í samvinnu við Gullborg og Grandaborg og hafa skólarnir gert samning við menntafyrirtækið KVAN varðandi fræðslu til starfsmanna og foreldra. Við horfum með tilhlökkun til samstarfsins og síðan er á döfinni að tengja þessa vinnu við námsferð sem Ægisborgarar stefna að í apríl 2020. Þá er ætlunin að fara til Berlínar, skoða skóla og sitja námskeið sem tengist menntastefnuvinnunni.



*Hafist handa í garði Ægisborgar 23. maí 2019. Dótaskúrinn rifinn fyrir augum barnanna.*

Að vinna í fjölbreyttum hópi, þar sem saman koma þó nokkrir leikskólakennarar, aðrir fagmenn og fleiri snillingar sem ræða, rýna og leita lausna saman, veitir mikla starfsánægju. Eins og fram kom í upphafi þessarar greinargerðar var lengi auglýst staða deildarstjóra á Öldudeild. Í ár endurtekur sagan sig og aftur er verið að auglýsa þá sömu stöðu. Það reynist erfitt að fylla skarð Margrétar Sigurðardóttur,



Möggu, deildarstjóra Öldudeildar síðustu tæplega 12 árin. Ég vil þakka Möggu sérstaklega fyrir gott og gjöfult samstarf sem einkenndist af fagmennsku og metnaði í starfi.

Góðir hlutir gerast hægt og svo sannarlega gleðjast Ægisborgarar yfir því að hafin er endurgerð garðsins, sem lengi hefur verið beðið eftir. Börn, starfsfólk og garðhönnuðir lögðu saman í hugmyndabanka endurgerðarinnar og verkið verður unnið í sumar og það næsta. Ægisborgarar deila nú garðinum með stórvirkum vélum og duglegum vinnumönnum sem byrjuðu reyndar á að brjóta og bramla svo börnunum stóð ekki á sama. Varð einum drengnum að orði þegar honum ofbauð aðfarirnar: Hver bað eiginlega um þetta?



*Útivera í snjónum. Börn af Fjörudeild að leik.*

## 2 Innra mat

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi. Hér á eftir fara greinagerðir deildarstjóra Ægisborgar ásamt niðurstöðum matshópa frá skipulagsdögum í mars og maí.





*Stórir Kotverjar tylla sér í útskriftarferðinni.*

## 2.1 Innra mat Kots

Í vetur voru 19 börn í Kotinu, 11 sem voru fyrir og 8 ný komu í ágúst og byrjun september. Aðlögun þeirra barna sem fóru á Bárudeild gekk vel, svo og aðlögun nýrra barna í Kotið. Það voru þrír aldurshópar í vetur, 6 börn fædd 2015, 9 börn fædd 2016 og 4 börn fædd 2017. Börnunum var skipt upp í fjóra hópa eftir aldri og svo unnu tveir og tveir hópar saman í hópastarfi og hreyfingu sem hófst í september.

Við gefum leiknum góðan tíma í dagskipulaginu og hefur hann þróast og dafnað vel í vetur. Eldri börnin hafa forskot á þau yngri og eru þau meira en til í að leiðbeina. Það þarf t.d. að læra að skiptast á og deila, sýna samkennd, virðingu og vináttu. Hlutverkaleikurinn og þá helst heimilisleikur er alltaf vinsæll. Þar er hægt að spegla sig í ýmsum hlutverkum, s.s. að vera mamman, pabbinn eða hundurinn. Svo má líka nefna að eldri börnin hafa mikið verið að vinna með litlu legókubbana og hefur verið gaman að fylgjast með hversu einbeitt og áhugasöm þau hafa verið í þeim. Börnin í yngri hópnum hafa verið mjög áhugasöm um búningaleik og verkfærin og snyrtidótið hefur verið mjög vinsælt að velja.

Yngri börnin hafa farið í könnunarleik fyrir áramót, einu sinni í viku. Hann felst í því að lítill hópur barna er saman í afmörkuðu rými þar sem boðið er upp á skapandi endurnýtanlegan efnivið til að leika með. Börnin leika sér og rannsaka efniviðinn án afskipta hins fullorðna sem er til staðar, fylgist með og skráir.

Við höfum farið í KR einu sinni í viku. Börn fædd 2015 sem eru 6 og svo 4 fædd 2016 en það eru elstu börnin í þeim árgangi og hafa verið hjá okkur í tvo vetur. Að fara í KR er mikill leikur og lærdómur, börnin læra að ganga saman (leiðast), klæða sig úr og í og ganga frá fötunum sínum. En KR tímarnir



eru bara frábærir í alla staði, þar læra og leika börn og kennarar og gaman að sjá framfarir. Hugrekki, þor, vinátta og gleði skín af börnunum. Í lokatímanum að vori bjóða börnin svo foreldrum sínum að koma og fylgjast með eða eins og þau segja „Koma á KR-sýningu“.

Yngri börnin hafa farið í hreyfingu inn í sal eftir áramót, einu sinni í viku. Þar er hægt að æfa sig í að klifra í rimlum, hanga í hringjum, skríða undir og fara yfir o.m.fl. Einnig er oft sett upp þrautabraut inni í stofunum þar sem við notum borð og stóla, bolta, orminn og fl. Svo má nú ekki gleyma sjálfri útiverunni þar sem við fáum bæði góða hreyfingu og gott loft. Miðað er við að öll börn fari út a.m.k. einu sinni á dag og ef veður leyfir jafnvel tvisvar.

Samverustundirnar í Kotinu eru tvær í dagskipulaginu. Fyrir hádegismat er söngstund, en þá syngjum við saman eða börnin fá að koma fram og syngja einsöng eða í litlum hóp fyrir hin börnin. Farið er með þulur og stundum lesið ef stundin er í lengra lagi. Eftir síðdegishressingu er lestrarstund, þá er börnunum skipt eftir aldri og lesnar bækur við hæfi hvors hóps. Í haust tók ekki langan tíma að koma



*Aðlögun í Koti. Þegar ungur byrjar hjálpa eldri.*

skikki á yngri samveruna þar sem börnin voru sólgín í lestur. Það eru miklir bókaormar í Kotinu og oft má sjá börn og kennara sitja saman og lesa fyrir utan skipulagðar lestrarstundir. Þá koma börnin oft með bækur að heiman.

Í haust var lagt upp með að kynna börnunum sögugerð og hvernig þau gætu verið rithöfundar eins og þeir sem skrifa bækurnar sem eru lesnar fyrir þau. Þau gerðu eina sögu fyrir áramót og svo ljóð og sögu eftir áramót. Sögurnar og ljóðin voru svo sett saman í bók þannig að öll eldri börnin eiga sögur eftir hin börnin líka. Yngri börnin gerðu bók um leikskólalífið þar sem

fléttaðar voru saman myndir og frásagnir þeirra.

Með auknu lýðræði hafa ýmsir tilbreytingardagar fest sig í sessi og má þar nefna hinn nýja nestisdag. Þá koma börnin með nesti að heiman í morgunmat og fylgir því mikil lukka og gleði. Börnin voru viljug að deila með sér og skiptast á ýmsu góðgæti.



En hvað segja börnin sem nú eru að kveðja Kotið og halda á vit nýrra ævintýra á Bárudeild? Hvað hafa þau lært og hvað var skemmtilegt að fást við í Kotinu?

- Að spila fótbolta, leika, vera í samverustund, dugleg úti að leika, dugleg að telja og sitja kyrr.
- Ég kann að klifra og hoppa úr rimlunum á bláu dýnuna. Fara í kollhnís á gólfinu. Og stærðfræðikubba.
- Að leika, að lesa og púsla. Að hlaupa í KR og snúa mér í kollhnís.
- Taka til, læra að skrifa og lita. Að leika við alla og sofa vel.
- Æfa fótbolta og gera snúninga í KR.
- Að leika, að telja og sparka bolta í markið í KR.
- Að kubba og moka úti. Og kasta blöðru í KR.
- Leika og púsla
- Bílaleik og legódúkkur.



Sparkað.

### Mat á umbótaáætlun 2018-2019

Í umbótaáætlun fyrir liðinn vetur var m.a. að koma á reglulegri deildarfundum. Það gekk ágætlega og má þá einnig nefna að gefinn var góður tími í deildarvinnu á skipulagsdögum sem hjálpaði mikið til.

Allir hópstjórar áttu að sjá um skráningar fyrir sinn hóp en það gekk ekki, aðallega vegna veikinda og tungumálaörðugleika.

Þá átti að taka orðaspjallið fastari tókum og gekk það eftir, þó sumir hafi fylgt því betur en aðrir. Gaman er að segja frá því að ein móðirin kom og sagði okkur frá samræðum sínum við son sinn eitt kvöld þegar verið var að fara að sofa. Drengurinn segir „mamma veistu hvað engi er“? Mamman: Nei. „Það er svona

stórt tún“. „En veistu hvað snæri er“? Mamman: Nei. „Það er langur spotti“. En við höfðum verið að lesa Pétur og úlfinn þennan dag. Að lokum átti að skerpa á leikskráningum og að sem flestir kæmu að þeim. Það fór nú svo að það var alfarið í höndum leikskólakennaranna.

Inga Braga deildarstjóri í Koti ☺





## Umbótaáætlun Kots fyrir 2019-2020

Umbóta- þættir Kots	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vettvangs- ferðir	Að kynna börnunum nærumhverfið	Setja í skipulagið	Sept.- maí 2019	Deildarstjóri	Maí 2020	Að það sjáist með skráningum í ferilmöppu
Útinám	Að nota útináms- verkefni	Nota nær- umhverfið við verkefna- vinnu	Sept-maí með eldri  Feb-maí með yngri	Leikskólakennari	Des 2019 Maí 2020	Að eldri börnin eigi 2 verkefni skráð að vori og yngri a.m.k. 1
Numicon- stærðfræði	Að virkja allt starfsfólk í að nota stærðfræði- kubbana	Hafa þá með sem leikefni í valstundum	Sept-maí	Deildarstjóri	Maí 2020	Að það sjáist m.a. í skráningum hjá öllum.



Fjörubörn skrifa og teikna sjálfsmýndir.

## 2.2 Innra mat Fjörudeildar

Skólaárið 2018 – 2019 voru nítján börn á Fjörudeild; fjögur fædd 2015, tólf 2016 og þrjú 2017. Þetta skólaárið dreifðist aðlögunin á nokkuð langt tímabil og alveg fram á veturinn. Í byrjun september byrjuðu fimm börn í aðlögun og síðan bættust önnur fimm við í október. Fyrir á deildinni voru níu börn, þar af tvö sem byrjuðu í júní 2018. Eitt barn hætti eftir miðjan október og í nóvember kom inn barn fyrir það. Haustönnin fór að mestu í aðlögun sem segja má að hafi náð til áramóta. Fór þessi tími í að kenna nýjum börnunum á aðstæður, hlúa að þeim, veita öryggi og upplifun. Einnig þurftu börnin sem voru fyrir á deildinni umhyggju og öryggi í þessum nýju aðstæðum. -Að veita góða menntandi umhyggju sem er leiðarljós í starfi Ægisborgar.





*Litaskynjun á Fjörudeild.*

Aðlögun barna og foreldra gekk vel og voru langflestir orðnir nokkuð öruggir með sig mánuði seinna. Til að byrja með voru þrír starfsmenn á deildinni og sá fjórði bættist við eftir miðjan september. Mannabreytingar urðu um áramótin þegar einn starfsmaður hvarf á braut og nýr kom inn, en segja má að þessar breytingar hafi gengið vel vegna góðrar festu og skipulagningar á deildinni.

Því verður ekki neitað að mikið álag hefur verið á deildinni þetta skólaárið og þá sérstaklega vegna barns/barna, sem hafa þurft sérstök úrræði, en þau ekki verið til staðar nema að litlu leyti. Þrátt fyrir það gekk flest ótrúlega vel. Hefðbundið starf, s.s. val og íþróttir í KR hófust í byrjun september og hópastarfið bættist síðan við í upphafi október.

Í hópastarfi var börnunum skipt í tvo hópa og fylgdu tveir kennarar hvorum um sig. Börnin voru tvisvar í viku í hópastarfi, eina klukkustund í senn. Hóparnir voru aldursskiptir og verkefnið í þeim miðuðust við aldur og þroska barnanna. Í hópastarfinu voru m.a. hlutverkaleikir og þá oft heimilisleikurinn. Í honum geta börnin samsamað sig við mömmu og/eða pabba og heimilisstörfin. Könnunarleikurinn er einnig afar vinsæll, en í honum er notað ýmislegt verðlaust efni. Börnin eru mjög dugleg að prófa sig áfram með efnið og í framhaldi setja þau upp hina ýmsu hlutverkaleiki. Einnig var kubbað, málað, púslað og spilað, svo eitthvað sé nefnt. Stærðfræðinni er laumað í leiki barnanna t.d. með Numicon-kubbum og er ætlunin að gera stærðfræði hærra undir höfði í leik barnanna á næsta skólaári.

Frjáls leikur fær alltaf mikinn tíma á Fjörudeild bæði innan hópastarfsins og í valinu. Leikurinn er höfuðþrýði Ægisborgar og á Fjörudeild er hann í fyrirrúmi, ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við höfum notið lífsins í leik og starfi í vetur og hefur leikurinn blómstrað og tekið heilmiklum framförum. Í félagslegum leikjum/þykjustuleikjum, svo sem hlutverkaleik, læra börnin samkennd og vináttu, að þekkja rétt og rangt og að deila með öðrum. Þau læra að lesa í umhverfið og aðstæður hverju sinni.





Vinátta.

Í vali er börnunum skipt í þrjá til fjóra hópa þrisvar í viku og eru þeir oftast en ekki aldursblandaðir, allt eftir því hvað hver og einn velur að gera. Oft velja eldri börnin eftir því hvað vinurinn velur, en þau yngri oftast viðfangsefnið. Eldri börnin eru gjarnan fyrirmyndir þeirra yngri og geta einnig aðstoðað þau í leiknum.

Eins og undanfarin ár fóru elstu börnin í íþróttatíma í KR einu sinni í viku og gekk það mjög vel. Þar var ýmislegt gert sem kallaði á hugrekki og þor og hefur kjarkurinn aukist í hvert skipti. Í KR vorum við með börnunum úr Koti og ávallt var glatt á hjalla við leik og æfingar. Hreyfing veitir útrás, vellíðan og stuðlar að heilbrigðara lífi og ýtir undir vitund um gildi

hreyfingar. Í útiverunni skapast góðar stundir fyrir útrás, til leiks og hreyfingar. Á vorönninni er farið í Ævintýraferðir sem er góð viðbót við útihreyfingu og íþróttatímana. Þá er t.d. farið á bókasafn, í fjöru, leiksvæði í nærumhverfinu og umhverfið skoðað.

Samverustundir eru tvær til þrjár á dag. Alla daga er lesið og sungið, oft eru sagðar sögur, farið í leiki eða dansað. Orðaspjallsaðferðin hefur verið nýtt í vetur við lestur bóka að einhverju leyti og er starfsfólkið að æfa sig og læra aðferðina um leið.

Eins og undanfarin ár hafa börnin heilmikið um það að segja hvað er í boði eða gert, t.d. í hópastarfi og vali. Stundum þarf að ræða saman um hvað á að gera og ef ekki eru allir sammála þarf að komast að niðurstöðu. Þá ræður meirihlutinn. Börnin höfðu einnig áhrif á starfið, en þau komu með tillögur að uppákomudögum, t.d. eins og búningadegi, nestisdegi, dótadegi og bangsadegi. Þau eldri gátu óskað eftir því munnlega, en þau yngri tóku að mæta með eitthvað af þessu í skólann og vildu hafa það inn á deild og þannig komu þau sínum óskum á framfæri. Með lýðræði styrkjum við börnin til virkari þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Ávallt er gaman að koma með bréf í póstkassann. Það er upphæfð að fá að sitja hjá kennaranum meðan það er lesið fyrir hina og bæta við frásögnina ef þau geta. Það sama má segja um Bangsaskottið. Það er spennandi að fá það heim til sín og svo sitja með Skottið meðan lesið er hvað gert var með því um helgina. Að



Leikur

tengja bréfin, Bangsaskott og sögu helgarinnar, er góð leið til að efla tjáningu barnsins, fá innsýn í heimameningu þess og tengja heimilið og skólalífið.

Ávallt er hvatt til og ýtt undir sjálfshjálp barnanna, t.d. í matmálistímum, fataherberginu og á snyrtingunni. Börnin eru dugleg að reyna og gera sjálf. Við hvert skref eflist sjálfstraust þeirra. Í öllu amstrinu er gott að leggjast á koddann sinn eftir hádegismatinn, hlusta á rólega tónlist, sögu eða leikrit. Loka augunum hvíla sig og/eða sofna til að endurnýja orkuna sem stundum er alveg búin.

Lífið á Fjörudeild hefur einkennst af leik, gleði og umhyggju. Að tilheyra stórum hópi og þekkja sjálfan sig, vera virkur þátttakandi, hlæja

saman og læra að bera virðingu fyrir skoðunum og líðan annarra er hverjum einstaklingi mikilvægt.

Að treysta og spinna vináttuböndin á unga aldri er undirbúningur fyrir vináttu framtíðarinnar.



Stafasúpa á Fjörudeild.

Mat Fjörudeildar skólaárið 2018 – 2019. Segja má að það hafi tekist þokkalega að vinna að þeim þáttum sem settir voru í umbótaáætlun, en þó seinna en áætlað var, vegna aðlögunar og álags á deildinni. Um miðjan vetur var ákveðið að seinka útináminu fram á seinni hluta vorannar.

Orðaspjallsaðferðin hefur náð betri og meiri fótfestu, þetta skólaárið og verið notuð markvissar.

Numicon-kubbar voru notaðir meira en áður, bæði með öðrum efnivið og einir og sér. Í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár verður lögð áhersla á stærðfræðitengt efni í leiknum. Leikskráningum seinkaði allverulega en nú eiga öll börnin á deildinni sína skráningu. Í söngstundum hefur tekist vel að samræma texta sem við kennum börnunum. Notast er meira við sönghefti og nýtt og öflugra sönghefti er á leiðinni. Það hefur verið erfitt að koma á reglulegum deildarfundum og að stórum hluta er það vegna álagsins. Á Fjörudeild tókst að hafa 11 deildarfundir frá september til maí. Langir og góðir fundir sem náðust á skipulagsdögum gerðu það að verkum að vel má við una.



Frænkur hittast á útisvæði.



Börnin voru spurð: Hvað lærir þú í leikskólanum? Svörin fara hér á eftir.

- Að leika
- Að sitja við matarborðið
- Að lesa bók
- Að syngja um litina
- Að leika úti
- Að leiða höndina
- Að leika í segulkubbum
- Að teikna á blað
- Að róla
- Að leika með brúna bílinn
- Að leika með heimilisdót

Takk fyrir gott og skemmtilegt samstarf,  
Kristín E. Sveinbjörnsdóttir deildarstjóri á Fjörudeild.

### Umbótaáætlun Fjörudeildar 2019-2020

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deildarfundir	Vettvangur til að ræða um börnin, starfið, skipulag og koma upplýsingum til allra.	Bæta upplýsingaflæði á deildinni um börnin og starfið. Í samstarfi við Kotið.	Nóvember – maí 2020	Deildarstjóri	Á deildarfundi í maí 2020.	Talinn fjöldi funda. Þurfa að vera að lágmarki 9 frá september til maí
Aðlögun milli deilda	Að það sé samræming á milli þess sem ákveðið er og aðgerða.	Deildastjórar deilda sem aðlögun er á milli og skólastjóri skrái niður áætlun sem á að fara eftir.	Ágúst – september 2019	Deildarstjóri	Á deildarfundi í október 2019.	Deildarfundur á fyrsta skipulagsdegi eftir aðlögun.
Stærðfræði	Efla stærðfræðivitund í leik barnanna.	Bæta stærðfræðiefni í leikinn/starfið, s.s. tölustöfum, kaplakubbum, meira af Numicon- og duplókubbum (t.d. fjölskyldugerð og dýr).	Skólaárið 2019 – 2020.	Deildarstjóri	Á deildarfundi. Vor 2020	Eru tölur og stærðfræðitengt efni aðgengilegt fyrir börnin?





Bárubörn í snjónum í vetur.

### 2.3 Innra mat Bárudeildar

Í vetur voru tíu börn fædd 2014 og níu börn fædd 2015. Deildin endurnýjaðist algjörlega þar sem öll börn frá árinu áður fluttust yfir á Öldudeild. Það tók því sinn tíma að aðlaga nýju börnin að reglum og dagskipulagi Bárudeildar. Kannski vegna þess að engar fyrirmyndir voru til staðar og um ung börn var að ræða. Aðlögun gekk sæmilega. Í hópnum voru nokkur börn sem þurftu mikinn stuðning og aðhald um veturinn og þurfa enn. Tvö tvítýngd börn byrjuðu í vetur og þurfa töluverðan stuðning.

Hefðbundið hópstarf hófst í lok september. Það var ákveðið að skipta börnunum eftir aldri í tvo hópa sem tveir leikskólakennarar sáu um. Í byrjun haust var mikil áhersla lögð á félagsfærni og leik. Smátt og smátt var síðan öðrum krefjandi verkefnum bætt við. Mikil ánægja og starfsgleði ríkti í hópstarfi í vetur. Stundum enduðu hópstarfstímarnir á orðaspjallsaðferðinni eða byrjuðu á markvissri málörvun.

Sögu og bókagerð blómstraði í barnahópnum. Við byrjuðum á að segja og lesa ævintýri í hópstarfi og samverustundum. Síðan æfðu þau sig að segja sögur og ævintýri og sömdu saman sögur. Í maí áttu þau svo öll sína bók sem þau unnu í hópstarfi.

Óvenju mörg börn í hópnum hafa átt í erfiðleikum með samskipti og félagsfærni og þurft mjög mikla hjálp í leikskólalífinu. Að því sögðu er líka að finna leikgleði og framför í samskiptum. Barnahópurinn hefur sýnt mikinn áhuga á stöfum, stafagerð og tölum. Af því leiðir hefur starfið í vetur eins og jafnan endurspeglad áhuga og færni barnanna. Leikurinn hefur blómstrað sem aldrei fyrr bæði úti og inni.

Í vetur hafa börnin fengið að ráða meira um val á leikefni en áður. Þannig öðlast þau vissu um að á þau er hlustað og að þeirra ákvarðanir og val hafa áhrif á líf þeirra í leikskólanum.

Vegna fjölda barna og áskorana í barnahópnum þurftum við stuðning frá sérkennslu til að komast í og úr KR. Það hjálpaði heilmikið til. Vettvangsferðum var sleppt í vetur vegna samsetningar hópsins, en



urðu að veruleika á vordögum. Fastir punktar eins og ferð á Þjóðminjasafn og bókasafnið gátu ekki orðið í vetur.

Því miður misstum við leikskólakennara af deildinni snemma í haust. Starfið riðlaðist nokkuð við það en það er mat deildarstjórans að aðrir starfsmenn hafi staðið vaktina með miklum sóma. Með sárum söknuði kveðjum við Ernu sem hefur verið kennari á deildinni í heil sjö ár og verður skarð hennar seint fyllt.

Vegna mikilla starfsmannabreytinga er nokkuð erfitt að setja markmið fyrir næsta skólaár. Margt þarf að endurskoða en barnahópurinn sem kemur á Bárudeild er stöðugt að yngjast. Með æðruleysi og opnum huga mun deildarstjóri taka á móti nýjum tímum.

Sjöfn Pálsdóttir, deildarstjóri Bárudeildar.



Málað fyrir jólin á Bárudeild.

### Umbótaáætlun Bárudeildar 2019-2020

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Leikskráningar</b>	Að hvert barn eigi að minnsta kosti eina leikskráningu að vori.	Að fastsetja daga fyrir skráningar í dagskipulagið.	Frá október og fram á vor.	Deildarstjóri	Skoða skráningar á deildarfundum í jan. og apríl 2020	Að hvert barn eigi að minnsta kosti eina leikskráningu að vori.
<b>Numicon Stærðfræðikubbar</b>	Að gera Numicon-kubbana sýnilegri sem leikefni.	Að starfsfólk noti kubbana í leik með börnunum við allskonar tilefni.	September til maí.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Með skráningu í „Viðfangsefni og félagaval.“	Að Numicon sjáist í leikskráningum.
<b>Orðaspjall</b>	Að festa orðaspjallsaðferðina enn betur í sessi.	Í litlum hópum og samverustundum	Frá sept. og fram á vor	Deildarstjóri og leikskólakennari	Á deildarfundum í nóvember og apríl.	Að allir starfsmenn séu virkir í aðferðinni.





Frá íþróttahátíðinni

## 2.4 Innra mat Öldudeildar

Í haust byrjuðu 22 börn á Öldudeild. Níu þeirra komu af Bárudeild og eitt utan úr bæ. Því voru 12 börn fædd 2013 og 10 fædd 2014. Eftir áramót var jafnt í árgöngunum. Um mánaðamótin janúar og febrúar létu tveir margreyndir kennarar af störfum og einn nýr kom í staðinn, auk þess sem aðstoðarleikskólastjórinn jók deildarviðveru sína. Þessar breytingar höfðu áhrif á börnin og tók það börn og starfsfólk svolítinn tíma að aðlagast nýjum aðstæðum, en leystist farsælllega að endingu.

Börnin sem hafa byrjað á deildinni í vetur hafa undantekningalaust aðlagast vel og án mikillar fyrirhafnar. Eitt barnanna er með langvinnan sjúkdóm og það var svolítill áskorun, því bæði þurfti starfsfólk að tileinka sér þekkingu og færni þar að lútandi. Skömmu síðar var ráðin stuðningskennari fyrir barnið sem jafnframt sinnti málörvun barnsins en það er tvítýngt. Það gekk mjög vel og var jafnframt bráðnauðsynlegt.

Í hópastarfi í vetur skiptum við hópnum langoftast eftir árgangi: í Hvalahóp (börn fædd 2013) og í Hákarlahóp (börn fædd 2014). Eldri börnin voru að auki í markvissri málörvun en á meðan var Hákarlahópur ýmist í söngstund eða stærðfræðisamveru. Elstu börnin fóru í Hljóm-próf í haust (sem er skimun hljóðkerfisvanda) og hjá þeim börnum þar sem ástæða þótti til var prófið tekið aftur í janúar. Foreldrum voru sýndar niðurstöðurnar í foreldraviðtölum.



Nær undantekningalaust var skrifað í dagbók deildarinnar og börnin voru afskaplega iðin við að koma með bréf og myndir að heiman í póstkassann.

Í haust voru tekin viðtöl við börnin fyrir einstaklingsnámsskrá, þar sem þau svöruðu því hvernig þau myndu vilja hafa ýmsa þætti í starfi leikskólans.



Ægisborgarhlaupið

Við skiptum óskum úr námsskránni í þrjá yfirflokka. Þær óskir voru skrifaðar á veggspjald sem hékk inni á deildinni svo það væri alltaf sýnilegt, ekki síst fyrir kennarana: 1) Hvert þau langaði að fara í vettvangsferðir, 2) hvað

þau langaði að læra eða bæta sig í og 3) hvað þau langaði að hafa í matinn. Það reyndist mjög þægilegt að geta kíkt á listana og strikað yfir það sem var búið að gera. Þannig var hægt að sjá með fljótlegum hætti hvað væri tilvalið að gera næst, t.d. varðandi vettvangsferðir. Við fórum eftir óskum barnanna eftir fremsta megni.

Við gerðum ýmsar skráningar í starfinu: Jólajöfin, Þorrablót-og gamlir munir, heimsókn í Sjóminjasafnið, Þjóðminjasafnið og Kjarvalsstaði, bóndadagur-karлакaffi, öskudagur og fleira. Við tókum myndir af börnum við öll tækifæri, þ.e.a.s. þegar eitthvað sérstakt átti sér stað. Þar má nefna í vettvangsferðum, í konukaffi, í vöflukaffi, á KR-sýningu, á búningadegi, í umferðarskólanum, og á leiksýningu leiklistarnema Listaháskólans í Tjörn.

Við fórum í margar vettvangsferðir. Við fórum á tvenna tónleika í Hörpunni, *Brúðukistuna* í Þjóðleikhúsinu, Þjóðminjasafnið, Sjóminjasafnið, Kjarvalsstaði og að skoða undraveröldina undir Vesturbæjarlauginni. Við fórum fjórum sinnum á bókasafn Seltjarnarness, fengum fræðslu frá Slökkviliðinu og Umferðarskólanum og svo munum við heimsækja Selið í Melaskóla. Við fórum í fjöruferðir og heimsóttum reglulega leikvelli sem börnin hafa óskað að fara á í einstaklingsnámsskránni. Við fórum að Landakotskirkju og skoðuðum hús í Vesturbænum en þessi tvö atriði voru á óskalista tveggja barna. Á næstunni fórum við einnig niður að Tjörn og í Hljómskálagarðinn að ósk barns. Í rauninni erum við að fara það oft í

leiðangra að það er erfitt að skrá allar ferðirnar formlega meðfram öðrum verkefnum. Afmældisdagar eru alltaf skráðir eins og fyrri ár með ljósmynd af barninu með afmælisrónu.



Tveir kampakátir!

Samstarfsverkefni Ægisborgar, Grandaskóla, Grandaborg og Gullborg um læsi gekk mjög vel í vetur. Heimsóknirnar gengu allar samkvæmt áætlun, en Hvalahópur fór þrisvar sinnum í Grandaskóla og 1. bekkur heimsótti okkur. Bókin sem tekin var fyrir ber titilinn *Hver er flottastur?*. Börnin í Hvalahóp höfðu með sér persónur úr bókinni sem þau fullunnu svo í kennslustund með börnum í 1. bekk og var það vel heppnað. Grandaskólabörnin höfðu búið til skóginn í sögunni og hengt hann á vegg og persónurnar leikskólabarnanna var komið fyrir í skóginum í lok tímans. Engar heimsóknir hafa verið milli leikskólanna í vetur, eins og í fyrra.

Í haust byrjuðum við hópastarfið á því að báðir hóparnir bjuggu til sögubækur. Það var eins og gefur að skilja meiri áreynsla fyrir flest yngri barnanna en þau eldri, en það mátti glögglega sjá að þau lærðu mikið af verkefninu. Því næst unnu börnin tvö og tvö saman verkefni um vináttuna sem var skeytt saman í bók. Í vetur voru m.a. lesnar bækurnar *Elsku Míó minn* og *Bróðir minn ljónshjarta*. Eftir lesturinn horfðu eldri börnin á bíómyndina *Bróðir minn ljónshjarta*. Stuttu síðar hófumst við handa við bókagerð eftir þessum tveimur sögum og gerði hvor hópur um sig sína bók. Bækurnar voru svo til sýnis á vöflukaffinu í vor.

Við gripum til hringekjunnar af og til í vetur en þá vildum við fá börn með ólíka persónuleika til að leika og vinna saman, þannig að þau gætu kynnst betur. Í hringekju eru vinirnir ekki alltaf saman og þá reynir á umburðarlyndi og opinn huga. Þetta var kennarastýrt og þurftu börnin töluverða leiðbeiningu við þetta samstarfsverkefni.

Flæði með Bárudeild fór fram einu sinni í viku eins og síðasta vetur og gekk það alltaf vel. Þá geta börnin farið milli deilda og í salinn, valið sér leikefni og farið á aðrar leikstöðvar þegar þeim hugnast. Börnin hafa þá möguleika á að fara á sína gömlu deild og börnin á Bárudeild

verða e.t.v. öruggari þegar þau koma svo yfir á Öldudeild, því þau eru orðin vön því að vera þar reglulega í leik.

Á vorönninni ákvað starfsfólk deildarinnar að gera tilraun með að hafa flæði innan Öldudeildar á morgnana og eftir kaffitíma. Við endurskoðun á því vorum við sammála um að hafa þann háttinn á að hafa alltaf val á morgnana og flæði eftir kaffi. Að hafa alltaf flæði var of losaralegt fyrir börnin að okkar mati. Þetta fyrirkomulag hefur virkað vel.

Þegar við lásum bókina *Hver er flottastur?* í vetur þá notuðum við orðaspjallsaðferðina og settum valin orð í orðaskjóðuna. Þar fyrir utan notuðum við ekki orðaspjallsaðferðina. Ég reikna fastlega með að samstarf deildarinnar og Grandaskóla, Gullborgar og Grandaborgar haldi áfram með svipuðum hætti næsta vetur og að þá verði unnið aftur samkvæmt aðferðinni.



*Hvalahópur*

Hákarlahópur hefur endrum og sinnum verið í samverustund f.h. þar sem unnið hefur verið með talnatrékubba eða numicon kubba, þ.e. talnaskilning með einum eða öðrum hætti. Þau voru mjög áhugasöm í þessu. Það mætti alveg gera þetta oft. Æskilegt væri að allir starfsmenn deildarinnar gætu haft slíkar

stundir, því vinna með stærðfræði er kappsmál í Ægisborg. Við höfum ekki verið mjög dugleg að tengja numicon-kubbana við læsi í vetur. Þeir voru stundum í boði í vali en voru ekki mjög vinsælir. Kannski væri hugmynd að láta þá alltaf fylgja með skólaleiknum í vali. Kubbarirnir hafa reyndar fylgt með leirnum í vetur.





*Draugastjörnustríð; útskriftarbíómynd Hvalahóps. Hafmeyjur fangaðar af svarthöfðum og fylgdarliði.*

Útskrift elstu barnanna gekk mjög vel. Börnin bjuggu til handrit að bíómynd sem fékk heitið *Draugastjörnustríð*. Börnin og deildarstjóri komu með búninga að heiman. Leikmynd var hönnuð af börnunum og leikstjóra myndarinnar Maríu Halldóru, en Ási klippti. Myndin vakti mikla lukku á útskriftarhátíðinni, en það á einnig við um lögin og þuluna sem börnin fluttu.

### Umbótaáætlun 2018-2019 - Hvernig tókst til? Leikskráningar hafa ekki farið fram í vetur.

Kennari sem hafði haft yfirumsjón með þeim hvarf á braut og urðu þessar skráningar þá út undan. Það þarf að ákveðast í haust með nýjum deildarstjóra og nýju starfsfólki á deildinni hvort eða hvernig þeim verður haldið áfram. Leikskráningar eru flókið fyrirbæri, að lýsa og leggja eða ekki leggja mat á leik barnanna. Hvað varðar *skráningar* á viðburðum, félagavali, vali á leikefni og jólagjöf þá voru þær skráningar allar gerðar. Allir eiga myndir af sér í leik og starfi. *Útskrift* gekk vonum framár og útskriftarferðin hitti í mark hjá börnunum. Jón Óskar faðir á Bárudeild bauð okkur í hesthús sitt og gerði snilldarlega. Við notuðum *hringekjuna* og hún gagnaðist eins og til var ætlast og flæðið milli deilda gekk mjög vel, eins og vonir stóðu til. *Flæðið á Öldudeild* gekk ekki eins vel og *flæði* milli Bárú-og Öldudeildar. Eldri börnin höndluðu frelsið verr en þau yngri og tóku að rápa um í hóp. Það mætti hugsanlega festa kennara betur niður á svæði til að spyrna við þessu. Einnig mætti nota verðlaust efni mun oftár í flæði en við gerðum í vetur.

Katrín Erlingsdóttir, deildarstjóri Öldudeildar.



## Umbótaáætlun Öldudeildar 2019-2020

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Tvískipt samvera fyrir hádegi	Að allir fái meira út úr samveru- stund vegna þess að það eru færri börn/meiri ró.	Að tvískipta hópnum- eldri börnin í sal og yngri í innri stofu.	Ágúst 2019 til ágúst 2020	Deildarstjóri	Maí 2020 á deildarfundi. Börnin spurð.	Starfsfólki finnst að einbeiting og athygli barna sé meiri og einnig að þægilegra sé að halda utan um hópinn. Börnunum finnst það betra.
Markviss málörvun	Að styrkja hljóðkerfisvitund barnanna.	Hafa hana tvisvar í viku	September 2019 til september 2020	Deildarstjóri og kennarar sem sjá um M.m.	Maí 2020 á deildarfundi	Að M.m. hafi verið 2x í viku.
Vinsemd og vinátta	Að bæta samskipti barnanna og auka skilning þeirra á gagnsemi jákvæðra samskipta	Að ræða oftari við þau um vináttuna og hnykkja á þremur orðum: vinsemd, vinátta, tillitssemi.	Ágúst 2019 til ágúst 2020	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Maí 2020 á deildarfundi. Börnin spurð.	Að leikur og samskipti hafi batnað há hópnum í heild. Börnin skilji og hafi tileinkað sér orðin í samskiptum.
Hringekja	Börnin kynnist hvert öðru, leikefni og svæðum.	Búa til handahófs- kennda hópa. Skipta um hópa og leikefni.	September 2019 til janúar 2020	Deildarstjóri	Maí 2020 á deildarfundi	Var notuð eða ekki, gagnaðist vel/illa.
Stærðfræði	Að auka fjölbreytta stærðfræði- notkun í daglegu starfi	Að yngri börnin fari oftari í stærðfræðileiki, sérstaklega í samverustund. Tvær stærð- fræðisamverur í viku.	September 2019 til maí 2020	Deildarstjóri og þeir starfsmenn sem munu sjá um stærðfræði- samverustun- dir	Maí 2020 á deildarfundi	Að það hafi náðst að hafa stærðfræði- samverustundir 1x í viku, bæði fyrir eldri og yngri börnin.
Flæði á Öldudeild	Auka áhrif barna og fjölbreytni í leik.	Starfsfólk sér um ákveðin svæði og yfirfara leikefnivið.	Veturinn 2019 til 2020	Allir starfsmenn á Öldudeild.	Reglulega á deildarfundum. Börnin spurð.	Að börnin uni sér almennt vel, og ráp og flakk hafi minnkað.





## 2.5 Innra mat sérkennsludeildar



Úr myndasafni sérkennslunnar. Tvö nafnorð.

Verkefni sérkennsludeildar hverju sinni helgast af þeim börnum sem eru í Ægisborg þá stundina og því sem þau þarfnast aðstoðar við. Liðið starfsár voru 14 skilgreindir sérkennslutímar í Ægisborg sem skiptust á milli tveggja barna. Verkefnin voru margvísleg, meðal annars fylgd í þjálfun og vöktun vegna bráðalvarlegs sjúkdóms, fyrir utan einstaklingsvinnu og hjálpar í hóp með jafnöldrum. Starfsfólk sérkennslu, aðrir starfsmenn og foreldrar hafa orðið vitni að heilmiklum framförum og óskum við börnunum velfarnaðar í komandi verkefnum. Sérkennslan hefur verið fjölbreytt og margt rifjað upp sem áður var notað m.a. við kennslu einhverfra barna. Auk þess sem við höfum notað færnimatið ABLLS og AEPS fyrir nokkur börn.

Nokkrum börnum var vísað áfram til frekari athugunar, m.a. til hegðunarráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðinga sem nýlega hófu störf hjá Þjónustumiðstöð Miðbæjar, Vesturbæjar og Hlíða (hér eftir PMVH) og fögnum við komu þeirra.

Sérkennslustjóri og þroskaþjálfari vinna einstaklingsnámskrá í samvinnu við foreldra og hegðunar – eða sérkennsluráðgjafa PMVH. Í henni eru sett markmið sem bæði leikskólinn og foreldrar geta unnið eftir. Kennarar sérkennslunnar eru



í góðu samstarfi við foreldra barnanna og eru reglulega haldnir teymisfundir, upplýsingar sendar í tölvupósti og það sem mestu máli skiptir en það eru hin daglegu samskipti.

Sérkennsludeildin sinnir einnig fræðslu til annarra foreldra, veitir þeim upplýsingar og er stuðningur við þá. Þá veitir hún kennurum deildanna ráðgjöf sem tengist uppeldi og kennslu barnanna, m.a. með leiðbeiningu í gerð sjónræns skipulags og notkunar á snjalltækjum til að auka málþroska og hljóðamyndun.

Sérkennslan hefur verið í góðu samstarfi við ráðgjafa þjónustumiðstöðvar ÞVMH og má þar nefna Bjarnveigu Magnúsdóttur, sérkennsluráðgjafa, Guðrúnu J. Rafnsdóttur hegðunarráðgjafa, Þórhöllu Guðmundsdóttur einhverfuráðgjafa og Öldu S. Magnúsdóttur sálfræðing, sem nú kveður okkur eftir margra ára frábært samstarf og rær á önnur mið. Fær hún kærar þakkir fyrir samvinnuna. Samstarf hefur verið við Heilsugæsluna í hverfinu eins og jafnan áður.

Endurmat umbótaþátta sérkennslunnar 2018-2019. Kvíði: Við kynntum okkur vel gögn sem við eigum um kvíða og unnum út frá þeim. Við nýttum okkur þær viðurkenndu aðferðir sem eru þekktar og leituðum ráða m.a. hjá sálfræðingi og hegðunarráðgjafa ÞVMH, um hvernig hægt væri að hjálpa börnum með kvíða. Við erum ánægð með árangurinn.

Hegðunar og tilfinningastjórnun: Við fengum námsefni frá hegðunarráðgjafa ÞMVH sem nýttum í vinnu með börnunum sem þess þurftu. Vinnan mun halda áfram í leikskólanum.

Ipad: Við notuðum Lærum og leikum með hljóðin, starfrænt Orðagull eftir Ásthildi Snorradóttur og Bjartey Sigurðardóttur auk þess sem við lærum betur að nota Bitsboard, til málörvunar. Við ætluðum okkur að vera enn duglegri að nota IPAD en það höfum við ekki gert að neinu viti sl. vetur.

Fylgja börnum að flytja á milli deilda: Við undirbyggjum þau börn sem þess þurftu með félagshæfnisögum og heimsóknum á milli deilda, en ekki náðist að hafa deildarfundir með öllum kennurum skólans.

Alla Dóra Smith, sérkennslustjóri



## Umbótaáætlun sérkennslunnar 2019-2020

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat	Viðmið um árangur
Kynna okkur atferlisþjálfun og skráningar	Uppfæra þekkingu á atferlisíhlutun	Sækja námskeið í skráningum og villulausu námi	Veturinn 2019-2020	Sérkennslustjóri og sérkennarar	Að vori 2020	Betri þekkingu og vinnubrögð sem skila betri árangri barna
Hegðunar- og tilfinningastjórnun	Börnin læri að þekkja betur tilfinningar sínar og stjórna hegðun sinni	Sækja námskeið hjá KVAN. Kynna okkur það sem er efst á baugi	Veturinn 2019-2020	Sérkennslustjóri og kennarar sérkennslunnar	Vor 2020 á deildarfundum og fundum með foreldrum	Betri líðan Barnið geti tekist á við nýjar aðstæður
Tölvur og tölvufærni	Kynna okkur nýjustu smáforritin í sérkennslu. Bæði í Ipad og tölvum	Læra að nýta forritin betur og fá nýr	Veturinn 2019-2020	Sérkennarar	Sumar 2020.	Aukin áhugi og færni kennara
Fylgja börnum sem flytja á milli deilda leikskólans	Kennarar verði betur undirbúnir til að taka á móti þeim börnum sem sérkennslan hefur unnið sérstaklega með. Auðvelda börnum flutninginn á milli deilda.	Kynningarfundir fyrir kennara sem taka á móti nýjum börnum. Börnin undirbúin með félagshæfnisögum og heimsóknnum á nýju deildina.	Haust 2019	Sérkennslustjóri	Fundir með deildarstjórum. Endurmat þegar börnin hafa aðlagast vetur 2019	Örugg börn sem líður vel
Kenna nýja færni til að takast á við óæskilega hegðun	Kennarar kynni sér aðferðir GR til að stöðva eða minnka óæskilega hegðun	Sækja námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.	Veturinn 2019-2020	Sérkennslustjóri	Vor 2020	Betri líðan, minni óæskileg hegðun







Rithöfundar á Bárudeild.

## 2.6 Innra mat á skipulagsdegi 18. mars

Hér á eftir fara samandregnar niðurstöður matshópa á skipulagsdegi 18. mars. Hafa verður í huga að þegar allt starfsfólk metur sömu hluti í fjórum hópum, verður erfitt að setja saman eina niðurstöðu. Tilgangur matsins að þessu sinni var tvíþættur. Annars vegar að meta stöðuna og hins vegar til að fá fólk til samræðu og ígrundunar um fáeina þætti starfsins.

Allir hópar fjölluðu um hreyfingu, fundi, læsi og menningu, en að auki ræddi hver hópur einn kafla úr námskrá Ægisborgar.

### Hreyfing. Hvað var gert? Hvernig gengur?

Farið í KR, vettvangsferðir og Ægisborgarar eru flestir mjög duglegir og sáttir við útivist á hverjum degi í garðinum.

Mat flestra er að vel gangi í KR stundum og upplifun starfsmanna er að börnin séu virk og áhugasöm. Þó kemur fram í mati að ánægjustuðullinn er mismikill og mat einn matshópur af fjórum að endurskoða megi skipulagið með tilliti til fjölda barna hverju sinni. Skráning úr KR-stundum rataði í ferilmöppur allra deilda og stærðfræðin kemur fram eins og t.d. þegar farið er með úrtalningarþulur, talið í hópum, hversu oft á að gera tiltekna æfingar, mynda hring o.s.frv. Mestu skiptir að starfsfólk sé meðvitað og smygli hugtökum og áþreifanlegri reynslu í leik barnanna. Ánægja er með að stundirnar eru alltaf eins byggðar upp, upphitun, æfingar og slökun, það eykur öryggi barnanna og skapar góðan ramma.



Á KR-sýningunni.



Fundur. *Fjöldi, skipulag og gagnsemi, undirbúningur. Hvað má betur fara?*

Allir matshópar voru sammála um gagnsemi og nauðsyn morgunfunda. Fram kom að misvel gekk að halda deildarfundum. Ástæður fyrir því að deildarfundir eru almennt ekki að virka nógu vel er þegar vantar starfsfólk vegna veikinda eða hlutastarfs. Einnig kom fram löngun til að halda betur utan um þessa fundi og hafa þá fleiri en jafnframt styttri. Fram kom í mati flestra hópa ánægja með skipulagsdaga en einn hópurinn orðaði það á þann veg að skipulag þeirra væri fjölbreytt og áhugaverð kennsla og kynningar sem þar færi fram.

Einnig skipti máli að eiga notalega samveru sem hefur mikið að segja fyrir starfsandann. Auk þess skipti miklu máli að allir væru að fá sömu upplýsingar á sama tíma.



Á þorablóttinu í vetur. Mynd af Bárudeild.

Læsi og menning. *Hvað er lesið? Hversu oft er lesið og hvert er skipulag lestrarstunda? Aðgengi barna að bókum, bækur að heiman, bókasafnsferðir og eru sagðar sögur?*

Allir matshópar voru sammála um að mikið væri lesið í Ægisborg og bækur í hávegum hafðar. Aðgengi barna að bókum er gott og börnin duglega að koma með bækur að heiman og ófáar bókasafnsferðir eru farnar. Dagbókin, póstkassinn, ferilmöppur og ýmis skráning ferða og upplifana er ríkur þáttur í starfinu sem gerir það bæði eftirminnilegra og sýnilegra.

Fram kom að barnamenning er víða sýnileg í leikskólanum. Teikningar og önnur viðfangsefni barna eru sýnileg í lengri eða skemmri tíma. Foreldrar eru sérstaklega boðnir velkomnir í leikskólann nokkrum sinnum á ári til að taka þátt í deginum og njóta samvasta með börnum sínum. Einnig taka Ægisborgarar fagnandi á móti öllum boðum í menningarstofnanir o.fl. sem leikskólabörnum er boðið til.

Umræða um þætti í námskrá Ægisborgar

Sjálfbærni. Í samræðum um sjálfbærni var hópurinn þeirrar skoðunar að kaflinn mætti standa óbreyttur. Hópurinn taldi að styrkja mætti betur vitund barna um eigið vistspor, með því m.a. að koma fyrir myndum og texta á deildum, t.d. við vaska og þurrkuskammtara og á útisvæði sem bendir á að týna upp rusl. Fram kom að á vef Sorpu væri margt sem hægt væri að nýta sér.



Ferilmöppur. Hópurinn var mjög ánægður með ferilmöppurnar og vill halda áfram á sömu braut. Fram kom sú hugmynd að setja rammann um ferilmöppurnar í starfsmannahandbók Ægisborgar.

Lýðræði. Mikið var rætt í hópnum um lýðræði í Ægisborg. Talin voru upp dæmi og atburðir úr starfinu sem lýsa lýðræðislegri nálgun og viðfangsefnum. Einnig var rætt um að betur mætti hlúa að lýðræðinu. Sum verkefni væru of kennarastýrð og þyrfti að skerpa á því að í sæmdarheitinu að vera Ægisborgari, fælist m.a. að vera áhrifavaldur í eigin námi. Hópurinn var sammála um að oftast mætti hrista upp hlutunum og láta af stjórn vanans.

### Umbótaáætlun vegna innra mats á skipulagsdegi 18. mars

Umbótapættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ferilmappa	Að tilgangur, markmið og verklag um ferilmöppur sé skýrt og aðgengilegt	Lista upp hvað fer í ferilmöppur og setja í starfsmannahandbók.	September til desember 2019	Stjórnendur	Snemma árs 2020 á skipulagsdegi eða deildarstjórafundum.	Er listinn kominn í allar starfsmannahandbækur?
Sjálfbærni	Auka meðvitund barna um vistspor þeirra	Auka umfjöllun um áhrif okkar á umhverfið. Heimsókn í Sorpu.	September til maí 2020	Deildarstjórn	Matsfundur á skipulagsdegi að vori	Börnin flokka plast og pappír og nota eitt bréf til að þurrka sér um hendur.

## 2.7 Aðrar áherslur veturinn 2019-2020

Í umræðum um menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast*, kom fram mikill vilji í starfshópnum til að vinna markvissar og betur að sjálfsefningu barnanna í Ægisborg. Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir, svo notuð séu orð menntastefnunnar og enn fremur byggir hún á sjálfsaga og þrautseigju. Þetta eru ákaflega mikilvægir þættir í huga starfsfólks Ægisborgar og sérstaklega þegar haft er í huga að sjálfsefning hefur mikil áhrif á félagsfærni, líðan og árangur síðar meir í lífinu.





Hvað er klukkan gamli úlfur?

Veturinn 2019-2020 verður sjálfsefling í brennidepli starfsins og á að tengjast sem best allri nálgun kennara við starfið. Til að glöggva okkur á þeim aðferðum sem best duga í því sambandi verður unnið með

menntafyrirtækinu KVAN, en fulltrúar þess munu halda námskeið fyrir starfshóp Ægisborgar. Okkar ágætu samstarfsleikskólar Gullborg og Grandaborg, huga einnig að sjálfseflingu og munu taka þátt í sameiginlegum námskeiðsdegi í september, auk þess sem foreldrum barna leikskólanna verður boðið á fræðslu um sjálfseflingu. Kennarar KVAN munu svo heimsækja leikskólana að minnsta kosti tvisvar síðar um veturinn til að fylgja innlögninni eftir. Á skipulagsdögum verður einnig horft til sjálfseflingar starfsfólks og hvað þeir geta gert til að styrkja sig og fagmennsku sína.

Á vordögum, nár tiltekið í daginn fyrir og eftir sumardaginn fyrsta, er fyrirhuguð námsferð Ægisborgar til Berlínar. Ferðin verður farin í samvinnu við KVAN, en fararstjóri þeirra mun fylgja okkur og halda utan um námskeiðin og heimsóknir í leikskóla. Verður ferðin löguð sem mest að nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ferðin verður stór liður í símenntun Ægisborgara og vonandi um leið lyftistöng starfsanda, hvort tveggja á undirbúningstíma sem ytra.

### Umbótaáætlun vegna sérstakra áherslna veturinn 2019-2020

Umbótaþættir Sjálfseflingar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka þrautseigju	Að börnin venji sig á að ljúka við það sem þau byrja á og geti beðið eftir aðstoð.	Að starfsfólk sé ávallt til staðar í vali. Börnin taka til eftir sig.	Allt skólaárið	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Skipulagsdagur í janúar og maí	Mat deilda að vori
Að vinsemd einkenni skólabraginn	Börnin verði hjálpsöm, njóti þess að félaganum gangi vel og tali fallega til félaga og kennara.	Hringekja á eldri deildum.	Allt skólaárið	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Skipulagsdagur í janúar og maí	Matshópar í maí
Tjáning	Að börnin geti skipst á skoðunum með því að tjá sig og hlusta á aðra.	Heimspeki-samræða með börnunum þar sem börnin læra að ræða saman. og virða skoðanir.	Allt skólaárið	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Skipulagsdagur í janúar og maí	Matshópar í maí




### 3 Ytra mat

Eftir áramótin sendi tölfraeðideild skrifstofu Skóla- og frístundasviðs út tvær kannanir. Annars vegar var um starfsmannakönnun að ræða og hins vegar foreldrakönnun.

#### 3.1 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð hjá Reykjavíkurborg í febrúar 2019 og var nánast samhljóða könnunum síðustu ára. Ægisborg kom vel út úr könnuninni og var um litlar breytingar að ræða. Svarhlutfallið var



13/20, sem áþekkt þáttökunni sem verið hefur. Svörum var gefin einkunn frá 1-5. Heildartala Ægisborgar var 4,31 en hafði verið 4,32 árið áður, því má segja að ekki hafi mikið breyst milli ára, en þó hefur vægi þátta breyst.

Það sem best kom út var *markmið og árangur* (4,85), *ímynd* (4,69), *stjórnun* (4,66) og *starfsánægja* (4,65). Það sem hafði hækkað hvað mest milli ára (sjá mynd) var einmitt *markmiði og árangur* (+0,28). Að jafnaði kemur starfsumhverfi lakast út úr starfsmannakönnunum Ægisborgar og var lítil breyting þar á í þessari könnun. Það sem lakast þótti var *vinnuaðstaða* (3,38) og *hæfilegt vinnuálag* (3,41). Það sem lækkaði mest milli ára (sjá mynd) var *fræðsla og þjálfun* (-0,38) og *starfsandi* (-0,31). Niðurstöður könnunarinnar kalla ekki á stórfelldar breytingar en enn er bent á ófullnægjandi vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi, sem kallar á viðbrögð stjórnenda. Aukinheldur er dalandi starfsandi og fræðsla eitthvað sem þarfnast skoðunar. Afar mikilvægt að huga í sífellu að starfsumhverfi í Ægisborg.



Foreldrar og systir í vöflukaffi.

## 3.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var gerð hjá Reykjavíkurborg í mars 2019 og var nánast samhljóða könnunum síðustu ára. Ægisborg kom vel út úr könnuninni og var yfir meðaltali leikskóla borgarinnar, en um litlar breytingar var að ræða frá síðustu könnunum. Svarhlutfallið var 67% og svörum var gefin einkunn frá 1-5.

Heildaránægja foreldra með Ægisborg var 4,67 en meðaltal borgarinnar var 4,54 og má Ægisborgin því vel við una. Hæstu einstöku þættir könnunarinnar var einmitt téð *heildaránægja* og einnig þykja *stjórnendur til staðar í daglegu starfi* (4,66). Lægst í könnuninni var svarið við *leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum* (3,00) og *ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins míns* (3,47). Lengsta frávík frá meðaltali borgarinnar var svarið við fullyrðingunni *mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður* (3,54) sem reyndist -0,58 frá meðaltali annarra leikskóla.



Þær ályktanir sem draga má af niðurstöðum foreldrakönnunar er í fyrsta lagi að foreldrar eru almennt afar ánægðir með leikskóla barna sinna; Ægisborg. Í annan stað má segja að engar stórvægilegar breytingar eigi sér stað milli ára (þótt ekki sé hægt að bera fyllilega saman vegna svarmöguleikans hvorki/né sem var bætt inn í könnunina nú í vor). Í þriðja lagi dregur aðbúnaður og umhverfi barnanna Ægisborgina niður. Langmesta frávik frá meðaltali er svarið við *mér finnst aðbúnaður barnanna í leikskólanum góður* (3,54), en það er 0,58 stigum fyrir neðan meðaltal borgarleikskólanna.

Aukinheldur lúta svör foreldra við opinni spurningu flest að aðbúnaði og umhverfi barnanna. Í fjórða lagi lúta aðrir lágir þættir könnunarinnar að þátttöku foreldra og áhrifum þeirra á veru barnsins í Ægisborg. Þarf skólasamfélagið allt að bregðast við því.

## Umbótaáætlun vegna ytra mats

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Aðbúnaður starfsfólks	Að starfsfólki líði betur í vinnunni	Lagfæringar á aðstöðu í undirbúnings- herbergi. Vinnueftirlitið fengið í heimsókn.	September til október 2019	Leikskóla- stjóri.	Metið á skipulagsdegi í janúar 2020	Lokið/ólókið og hvað þykir starfsfólki um breytingarnar
Aðkoma foreldra að námi barnanna og leikskólalífi þess	Að foreldrar hafi meira um nám og líf barnsins að segja; hafi meiri áhrif á leikskólalífið	Foreldrum boðið á fund um sjálfs- eflingu. Taka þátt í að meta nám barnsins.	September til mars 2020	Stjórnendur	Foreldra- könnun SFS. Matsfundur í maí 2020	Að tvær lægstu spurningar í foreldrakönnun fari upp um +0,50.
Aðbúnaður barna	Að umhverfi barnanna stuðli að vellíðan og styðji við nám þeirra.	Fara yfir leikefni barna.	September til maí 2020	Stjórnendur	Metið á skipulagsdegi í maí 2020 og foreldra-könnun SFS.	Að börn og starfsfólk verði ánægðari með umhverfið og að foreldrakönnun sýni bætingu um 0,20 stig.



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl og maí. Leikskólastjóri hitti alla starfsmenn og var rætt um líðan, stöðu og hvaðeina sem starfsmanni lá á hjarta.

Skipulagsdagar voru vel nýttir til fræðslu. Í september var stór sameiginlegur fundur þar sem farið var yfir ýmis hagnýt atriði. Þá var farið yfir starfsáætlun ársins og m.a. sagt frá þróunarverkefninu: Læs í leiðinni.

Á skipulagsfundi snemma í nóvember var Edda Björgvinsdóttir með vinnustofu sem kallaðist: Húmor og aðrir styrkleikar. Einnig var fjallað sérstaklega um bóka- og sögugerð barna.

Seinni hluta nóvember var annar skipulagsdagur og þá var Guðný Reynisdóttir mannauðsráðgjafi með vinnustofu um samskipti og ný menntastefna Reykjavíkur til kynningar og umfjöllunar.

Starfshópur Ægisborgar tók allur þátt í leikskólaráðstefnunni í febrúar 2019 og eftir hádegi þann dag var Þórhallur Maack kerfisfræðingur hjá UTD með fræðslu um Windows 10 og fleira varðandi tölvumál.



*Starfsgleði*

Á skipulagsdegi í mars var haldið áfram umræðum um menntastefnuna og sjónum beint að þeim áskorunum sem henni fylgja og hvar væri best að byrja ferðina. Þessi dagur var líka notaður til mats og Gefðu 10 var kynnt til sögunnar.

Síðasti skipulagsdagur vetrarins var í maí. Fyrri hluta dagsins var sérstaklega rætt um stærðfræði og hefða- og hátíðadagatal sett niður. Starfsfólk lagði mat á umbótaáætlanir deilda sinna og eftir hádegið var farið í skólaheimsókn í leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn. Heimsóknin var sérlega vel heppnuð. Það var vel tekið á móti okkur, við fengum margt að sjá, áttum gott spjall við starfsfólk og sérstaklega skólustjórnendur. Það var gaman að geta endurgoldið heimsókn frá Bergheimum.

Skipulagsdagar eru mjög mikilvægir í starfi leikskólans því þá gefst öllum starfshópnum færi á að fá sömu fræðslu, heyrja sömu skilaboðin og skiptast á athugasemdum. Fyrir þessa daga setur





leikskólastjóri upp dagskrá og skilur eftir gott pláss fyrir umræður um málefni sem starfsfólk vill ræða. Hér að ofan er einungis brot af því sem til umfjöllunar hefur verið á skipulagsdögum í Ægisborg starfsárið 2018 – 2019.

Einn starfsmaður með spænsku að móðurmáli fór á nokkurra vikna íslenskunámskeið á haustönn. Starfsfólk sérkennslu sótti ýmsa fræðslu sem snýr að sérkennslunni. Deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru allir búnir að fara á námskeið í mati hjá SFS. Nýliðar fá fræðslu í Ægisborg og einnig fá sumarliðar sérstaka fræðslu. Leikskólastjórnendur hafa tekið þátt í fræðsludagskrá borgarinnar og sviðsins fyrir stjórnendur og leikskólastjóri var Mentor fyrir nýjan leikskólastjóra.

Varðandi starfsþróun og símenntun fyrir starfsárið 2019-2020 er helst horft til menntastefnunnar og þeirrar fræðslu sem KVAN mun sinna. Einnig er ætlunin að fá Ellen Calmon verkefnastýru Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með fræðsluerindi um réttindi barna og Barnasáttmálann. Starfsmenn og kennarar hafa auk þess tækifæri til að óska eftir að taka þátt í fræðslu sem boðið verður upp á á vegum ýmissa aðila næsta starfsár. Eins og áður hefur komið fram mun væntanleg námsferð til Berlínar hafa mikið að segja fyrir starfsþróun hópsins, en þar verður farið í tvær leikskólaheimsóknir og KVAN mun skipuleggja námskeið tengt menntastefnunni.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva



Samstarfsáætlun Ægisborgar og Grandaskóla 2019-2020 byggir á þeim þáttum sem *Læsi í leiðinni*, þróunarverkefni Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar auk Ægisborgar, hefur skilað. Börnin taka þátt í sameiginlegum verkefnum sem tengjast læsisvinnu beggja skólastiga auk heimsókna á milli leikskólanna. Markmið verkefnisins er að börnum úr leikskólunum Grandaborg, Gullborg og Ægisborg veitist auðvelt og eðlilegt að byrja í Grandaskóla og þeim líði vel og eiga leikur og læsi að vera grunnhugtök í aðlögun barnanna milli skólastiga. Markmiðið er einnig að börnin upplifi eðlilega



framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira líkt en ólíkt.

Ekki liggja fyrir dagsetningar á heimsóknum næsta vetur, en fulltrúar Grandaskóla, Ægisborgar, Gullborgar og Grandaborgar munu hittast í ágúst og ákveða þær. Jafnframt verða lagðar línur



um hvernig læsisvinna skólanna verður fléttuð saman. Annars eru þessar heimsóknir fastir liðir samkvæmt hefð síðustu ára:

- Í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Ægisborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í desember.
- Í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskólanum og komið við á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.



Ég sé um að þessi áætlun sé ærleg!

Á fundi í maí 2019 kom fram vilji leikskólanna til að gefa elstu börnunum gott tækifæri til að hittast og tengjast betur svo þau þekktust aðeins í upphafi Grandaskólagöngu. Jafnframt þurfa leikskólarnir og Grandaskóli að koma sér saman um hvaða upplýsingar flytjast milli skólanna og með hvaða hætti. Þessir liðir verða því umbótaþættir næsta vetrar.

### Umbótaáætlun Ægisborgar og samstarfsskólanna þriggja

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Heimsóknir elstu barna í Grandaborg, Gullborg og Ægisborg	Að börnin hittist og kynnist áður en þau hittast í Grandaskóla að hausti	Heimsóknir og skipulagður samleikur	Janúar til maí 2020	Deildarstjórar elstu deilda leikskólanna þriggja	Maí 2020	Gert- ógert og mat deildanna að vori. (Metið í hverjum leikskóla fyrir sig og dregið saman).
Upplýsingaflæði milli Grandaskóla, Grandaborgar Gullborgar, og Ægisborgar	Að auðvelda barni (og kennurum) starfið í upphafi grunnskólagöngu.	Samstarfsteymi skólanna hittist og sammælist um form á skilum.	September til 1. maí.	Stjórnendur skólanna	Maí 2020	Lokið eða ólokið. Tekið fyrir á samstarfsfundi að vori.



## 6 Foreldrasamvinna

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti aðila byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Auglýst var eftir fulltrúum í ráðið og gáfu 4 kost á sér og skipa þeir aðilar foreldraráð Ægisborgar. Ráðið er ráðgefandi um

starfsáætlun og sumarlokun. Sumarfríð var ákveðið með þeim hætti að starfsfólk Ægisborgar valdi milli tímabila og það sem flestum hentaði varð tillaga að sumarlokun Ægisborgar, sem foreldraráð lagði svo blessun sína yfir. Ráðið fundaði tvisvar með stjórnendum liðið starfsár, en þess á milli fóru samskipti fram með tölvupóstum. Aðalverkefni ráðsins í vetur var að leggja stjórnendum leikskólans lið við hönnun og hugmyndavinnu vegna úrbóta á lóð, en sú vinna fór af stað í ársbyrjun. Liðsinni ráðsins var dýrmætt, þar sem endurbætur eru nú í fullum gangi. Foreldraráð 2018-2019 skipuðu: Lára Hannesdóttir, Þorvaldur H. Gröndal, Þórunn Gréta Sigurðardóttir og Örn Úlfar Sævarsson. Nýtt ráð verður skipað að hausti.

Sumarið 2019 var fyrsta sumarið sem börnum Ægisborgar stendur til boða að vera í öðrum leikskóla á sumarlokunartíma, ef sá lokunartími hentaði ekki fjölskyldunni sem leyfisdagar. Aðeins eitt barn nýtir sér það að fara í Gullborg nú í sumar, en þess má geta að starfsmaður úr Ægisborg fylgir barninu yfir og dvelur með því.

Í júní var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna og vetrarstarfið var kynnt foreldrum hverrar deildar að hausti. Þessir fundir eru árlegir og fastir liðir í starfi stjórnenda Ægisborgar.

Foreldrar eru alltaf velkomnir í Ægisborg en nokkrir viðburðir eru sérstaklega þeim ætlaðir og til þess gerðir að efla samskipti heimilis og skóla. Eftirtaldir viðburðir voru liðið ár og má finna á skólalagatali þess næsta. Hæst ber *foreldravíkuna*, þar sem foreldrar eru hvattir til að koma í Ægisborg og taka þátt í leik barnsins um styttri eða lengri tíma. Foreldravikan var 7.-11. janúar 2018. *KR-sýning* var 17. maí þar sem foreldrar tóku þátt í hreyfistarfi barnsins og var þar um að ræða sýningu á vetrarstarfinu í íþróttahúsinu. Vetrarstarfið var að venju sýnilegt í *vöflukaffi* sem var 8. maí. *Karlakaffi*, *konukaffi* og *aðventukaffi* eru fastir liðir í samskiptum heimilis og Ægisborgar.



Úrbætur á lóð Ægisborgar í fullum gangi 11. júní 2019.



Foreldrar eru hvattir til að rétta leikskólalífinu hjálparhönd og auðga það og bæta eftir því sem þeir geta og langar til. Gott dæmi frá liðnum vetri eru amma og afi barns sem komu og léku á dragspil og sungu og einn pabbinn tók á móti útskriftarhópnum í hesthúsinu sínu og margt fleira. Dagbók og póstkassi er lifandi vettvangur upplýsinga sem tengja fjölskyldur og leikskóla sterkari böndum.

Formleg foreldraviðtöl eru tvö á ári; annað á haustmánuðum og hitt í mars. Þess utan geta foreldrar og deildarstjórar boðað til funda um málefni barna.

Á aðalfundi foreldrafélagsins haustið 2018 voru kosnir í stjórn: Ragnar Heiðar Þrastarsson, Marta Blöndal, Tara Young og Þórunn Antonía Magnúsdóttir. Foreldrafélagið hefur skipulagt ýmsa viðburði í skólastarfinu, eins og jólaball og sveitaferð, en vorhátíð reyndist erfitt að koma fyrir þar sem garður Ægisborgar var teptur stærstum hluta vegna endurbóta.



Vöflukaffi

## 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Eftirtaldir dagar verða skipulagsdagar í Ægisborg: 20. september, 6. nóvember, 3. janúar, 22. apríl, 24. apríl og 12. maí.

Dagana 6. nóvember og 12. maí ber upp á starfsdag eða vetrarleyfi í Grandaskóla og 3. janúar er skipulagsdagur í Melaskóla.

F. h. leikskólans Ægisborgar

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## 8 Fylgigögn

### 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

#### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	3	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	12	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	ÞVMH, Talþjálfun Reykjavíkur, Styrktarfélag fatlaðra og lamaðra, Heilsugæsluna o.fl. Greiningarstöð ríkisins
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



## 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Markvissum vinnustundum. Myndrænu dagskipulagi. Markvisst sett orð á athafnir. T.d. í matar-tímum, fataklefa. Daglegar lesstundir.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Gefðu 10, sérkennslustundir. Orðaspjallsaðferðin notuð. Markviss málnotkun í fataklefa, matartímum o.fl.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Með bóklestri, í skipulögðum leikstundum – samverustundum, vinnustundum, Gefðu 10, orðaspjallsaðferðinni.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	HLJÓM 2, Orðaskil – AEPS færnimati, EFI 2 - málþroskaskimun fyrir börn á 4ða ári
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Lubbi finnur málbein, Bitsbord og ýmis öpp. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull. Spiluð margskonar málörvunarspil sem auka tjáningu og skilning, auk orðaforða. Unnið með hljóðkerfisvitund barnanna. Í hópastarfi er unnið með ritmálið, sögugerð o.fl. Út frá einstaklingsnámskrá er unnið með áhugamál hvers og eins, styrkleika og löngun. Sendibréf að heiman auka málörvun, tengingu milli heimils og skóla.



### 8.3 Fylgiskjal 3 -Umsögn foreldraráðs

#### Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Ægisborgar lýsir yfir mikilli ánægju, þakklæti og stolti af metnaðarfullri starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Um leið fagnar ráðið því að framkvæmdir séu hafnar við endurbætur á leiksvæði skólans og bindur vonir við það að þeim vindi vel áfram í góðu samstarfi við stjórnendur skólans og með virðingu fyrir þörfum og námi barnanna. Foreldraráðið fagnar enn fremur góðri útkomu í könnun á ánægju foreldra og starfsmanna en minnir á að metnaður starfsmanna þarf að eiga sér hliðstæðu hjá fjárveitingarvaldi skóla- og frístundamála. Það er augljóslega löngu tímabært að veita fé til að endurbæta – eða skapa öllu heldur – sjálfsagða aðstöðu fyrir starfsfólk og stjórnendur þessa frábæra leikskóla.

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Lára Hannesdóttir,  
Örn Úlfar Sævarsson,  
Þorvaldur Gröndal  
Þórunn Gréta Sigurðardóttir.







# Leikskóladagatal Ægisborgar 2019 - 2020

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarlökun /Ægisborgar	1 S		1 Þ		1 F		1 S	Fulveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 S		1 M	Foreldraviðtöl á Fjörud.	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M	Annar í hvítasunnu	1 M	
2 F	Sumarlökun /Ægisborgar	2 M		2 M		2 L		2 M		2 F		2 S		2 M		2 F	Foreldraviðtöl á Fjörud.	2 L		2 Þ		2 F	
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Skipulagsdagur - LOKAD	3 M		3 Þ		3 F	Foreldraviðtöl á Fjörud.	3 S		3 M		3 F	
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M	Ádventukaffi	4 L		4 Þ		4 M	Foreldraviðtöl á Öldud.	4 L		4 M		4 F		4 L	
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F	Foreldraviðtöl á Öldud.	5 S	Pámasunnudagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 Þ	Sumarlökun /Ægisborgar	6 F		6 S		6 M	Skipulagsdagur LOKAD	6 F		6 M	Foreldravika hefst	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M		6 M	Vöflukaffi	6 L		6 M	
7 M	Sumarlökun /Ægisborgar	7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ	Foreldravika	7 F	Dagur stærðfræðinnar	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómannadagurinn	7 Þ	
8 F	Sumarlökun /Ægisborgar	8 S	Dagur læsis	8 Þ	Staldráðu við á Öldu- og Bárudeild	8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M	Foreldravika	8 L		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 F	Sumarlökun /Ægisborgar	9 M		9 M	Kynningarf. Kots	9 L		9 M		9 F	Foreldravika	9 S		9 M		9 F	Skírdagur	9 L		9 Þ		9 F	
10 L		10 Þ		10 F	Kynningarf. Fjörud.	10 S		10 Þ		10 F	Foreldravika	10 M		10 Þ		10 F	Fóstudagurinn langi	10 S		10 M		10 F	
11 S		11 M		11 F		11 M		11 M		11 L		11 Þ		11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 M	Sumarlökun /Ægisborgar	12 F		12 L		12 Þ	Staldráðu við á Fjöru og í Koti.	12 F	Stekkjastaur kom í nótt	12 S		12 M		12 F		12 S	Páskadagur	12 Þ	Skipulagsdagur-LOKAD	12 F		12 S	
13 Þ	Ægisborg opnar aftur eftir sumarfrí :)	13 F		13 S		13 M		13 F	Giljagaur	13 M		13 F		13 F		13 M	Annar í páskum	13 M		13 L		13 M	
14 M		14 L		14 M		14 F		14 L	Stúfur	14 Þ		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 S	Vatnsdagur í næstu viku	14 Þ	
15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 S	Þvörusleikir	15 M		15 L		15 S		15 M		15 F	KR-sýning	15 M		15 M	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M	Pottaskerfill	16 F		16 S		16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ	Askasleikir	17 F		17 M		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lyðveldisdagurinn	17 F	
18 S	Afmaði Reykjavíkur	18 M	Kynningarf. Öldudeild	18 F		18 M		18 M	Hurðaskellir Litlu jólin í Ægisborg	18 L		18 Þ		18 M	Foreldraviðtöl á Bárud.	18 L		18 M		18 F		18 L	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F	Skýrgámur	19 S		19 M		19 F	Foreldraviðtöl á Bárud.	19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 Þ		20 F	Skipulagsdagur-LOKAD	20 S		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F	Bjúgnakraekir	20 M		20 F		20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	
21 M	Lokadagur elstu barna	21 L		21 M		21 F		21 L	Gíggagægir	21 Þ		21 F		21 L		21 Þ	Barnan hátíð	21 F	Uppstigningardagur	21 S		21 Þ	
22 F	Skólasetning grunnskóla	22 S		22 Þ		22 F		22 S	Gáttabefur	22 M		22 L		22 S		22 M	Skipulagsdagur-LOKAD	22 F		22 M		22 M	
23 F		23 M		23 M		23 L		23 M	Þorláksmessa Kjötrökur	23 F		23 S	Konudagur	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L		23 Þ	Íþróttahátíð Ægisb Hreyfidagar hefjast	23 F	
24 L		24 Þ		24 F	Vetrarleyfi grunnskóla	24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla Kerfasníkir	24 F	Bóndadagur, Karlakaffi	24 M	Konukaffi/Bolludagur	24 Þ		24 F	Skipulagsdagur-LOKAD	24 S		24 M	Hreyfidagar	24 F	
25 S		25 M	Kynningarf. Bárudeild	25 F	Vetrarleyfi grunnskóla	25 M		25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Sprengidagur	25 M	Foreldraviðtöl í Koti	25 L	Barnamenningarhátíð	25 M		25 F	Hreyfidagar	25 L	
26 M		26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólum	26 S		26 M	Óskudagur	26 F	Foreldraviðtöl í Koti	26 S	Barnamenningarhátíð	26 Þ		26 F		26 S	
27 Þ		27 F		27 S		27 M	Vasallósadagur	27 F		27 M		27 F		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28 M		28 L		28 M	Bangsadagur -Vetrari.gr.	28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 L		28 Þ		28 F	Útskrift	28 S		28 Þ	
29 F		29 S		29 Þ		29 F		29 S		29 M	Vasallósadagur	29 L		29 S		29 M		29 F		29 M		29 M	
30 F		30 M		30 M		30 L		30 M		30 F	Þorrablót í Ægisborg			30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F				31 Þ				31 S	Hvítasunnudagur			31 F	